

Mál nr. 4/2013-2014

29. október 2013

**Kærandi:** Sölvi Jónsson

**Kærðu:** Morgunblaðið

**Kæruefni:** Aðsend grein í Morgunblaðinu 8. október 2013.

Kæran barst siðanefnd með bréfi dags. 17. október 2013. Málið var tekið fyrir á fundum siðanefndar 22. og 29. október.

**Málavextir:**

Kærandi málsins, Sölvi Jónsson, leggur í kærunni fram „*kvörtun vegna birtingu tveggja greina Morgunblaðsins eftir Guðmund Rafn Geirdal sjúkranuddara þar sem hann fjallar um heilsufarsvandamál undirritaðs*“. Hann sendi Morgunblaðinu kvörtun 13. okt. og „*fór fram á afsökun frá Morgunblaðinu og að dagblaðið fjarlægði greinarnar tvær úr greinasafni sínu*“. Kærandi kveðst ekki hafa fengið svar. Kærandi nefnir ekki hvaða greinar siðareglna hann telji að brotnar hafi verið, en nefnir „*ákvörðun Morgunblaðsins að birta grein sem hlýtur að falla undir trúnaðarbrot heilbrigðisstarfsmanns*“ og „*að Morgunblaðið skuli ekki svara kvörtuninni*“. Ekki var leitað viðbragða hins kærða fjölmíðils.


**Umfjöllun:**


Hið kærða efni er aðsend viðhorfsgrein undir fullu nafni og höfundurinn ekki undir Siðareglur Blaðamannafélags Íslands felldur. Siðanefndin tekur fyrir mál er varða ritstjórnarlegar afurðir fjölmíðla en fjallar ekki um mál þar sem persónulegar skoðanir koma fram í afmörkuðum efnispætti undir fullu nafni og vísar málinu frá.


**Úrskurður:**


Kæru Sölva Jónssonar á hendur Morgunblaðinu er vísað frá.


Reykjavík, 29. október 2013,

  
Björn Vignir Sigurpálsson

  
Ásgeir Þór Árnason

  
Friðrik Þóð Guðmundsson

  
Hjörður Gíslason

  
Róbert Haraldsson